

Öggur ehf
Prestssæti 3
551 Sauðárkróki

3. nóvember 2025
UOS2501027/A.P.
08.12.01

Niðurfelling starfsleyfis – Öggur ehf.

Umhverfis- og orkustofnun barst erindi þann 31. desember sl. frá Einari Svavarsyni f.h. Öggs ehf. þar sem óskað var eftir niðurfellingu starfsleyfis Öggs ehf. kt. 650809-1300, til landeldis á bleikju í landi Kjarvalsstaða, Hjaltadal.

Farið var í lokunareftirlit þann 15. október 2024 og staðfest að engin starfsemi væri í stöðinni. Kerin stóðu tóm er eftirlitið fór fram en lokafrágangur var eftir. Rekstraraðila var bent á að senda eftirlitsaðila myndir til staðfestingar á frágangi stöðvarinnar ef ætlunin væri að sækja um niðurfellingu starfsleyfis. Myndir bárust í tölvupósti þann 9. maí sl. og hefur Umhverfis- og orkustofnun því fengið staðfest að frágangi vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir starfsleyfi eldisins sé lokið.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um að fella niður starfsleyfi Öggs ehf. og mun birta niðurfellinguna opinberlega á vefsíðu sinni.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um niðurfellingu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri